

Frístundamiðstöðin Miðberg



Starfsáætlun 2021-2022

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Miðbergs	5
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	12
Áskoranir, markmið og aðgerðir	14
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins.....	22
Samstarf	24
Jafnréttisáætlun	24

Inngangur

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2021-2022 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrki næsta starfsárs.


Betri borg fyrir börn er tilraunaverkefni sem hófst þann 1. janúar 2020 í Breiðholti. Verkefnið var sett til tveggja ára og lýkur 31. desember 2021. Borgarráð hefur ákveðið að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öll hverfi borgarinnar frá og með 1. janúar 2022.

Tilraunaverkefnið inniheldur fjórar megin tillögur:

- Stofnuð var skóla- og frístundadeild í Breiðholti.
- Nýtt mannauðs- og rekstrarteymi er hluti af skóla- og frístundadeildinni.
- Eitt helsta markmið verkefnisins er að leggja áherslu á markvissa teymisvinnu innan skóla- og frístundadeildar og þjónustumiðstöðvar Breiðholts.
- Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs er flutt inn á skóla- og frístundadeild Breiðholts og er frístundamiðstöðin Miðberg hluti af þeirri deild í dag.



Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins á öllum aldri. Hjá Miðbergi starfa um 130 starfsmenn og af þeim eru 32 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sjö frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, reynslu og ólíkan bakgrunn. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg verkefnanna kalla á sérhæfingu og sérþekkingu. Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Miðberg styður við menningu og listsköpun barna og unglinga með smíðjum og viðburðum þar sem unnið er með leiklist, tónlist, hönnun og kvikmyndagerð. Miðberg er virkt í ýmsum samstarfsverkefnum í Breiðholti með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilarnir eru Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, leikskólar og íþrótt- og félagasamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2021-2022 er að auka framboð af hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður aukið áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum. Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2021 og gildir til 31. ágúst 2022. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.



Mynd 1: Skipurit Frístundamiðstöðin Miðberg

Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs

Hlutverk Miðbergs

- Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímapjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

- Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
- Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
- Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
- Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
- Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
- Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga.
- Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.

Leiðarljós í frístundastarfi

- Virk þátttaka
- Reynslunám
- Lýðræði
- Mannréttindi
- Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

- Forvarnargildi
- Menntunargildi
- Afþreyingargildi

Lykilmæli í frístundastarfi

- Sjálfsmynd
- Umhyggja
- Félagsfærni
- Virkni og þátttaka



Megináherslur

Menntastefna:

- ✓ Félagsfærni
- ✓ Sjálfsþekking
- ✓ Læsi
- ✓ Sköpun
- ✓ Heilbrigði

Frístundastefna:

- ✓ Fjölbreytt og skemmtilegt
- ✓ Virk þátttaka
- ✓ Jöfnuður
- ✓ Forvarnir og lýðheilsa
- ✓ Fagmennska

Starfsskrár frístundamiðstöðva:

- ✓ Sjálfmynd
- ✓ Umhyggja
- ✓ Félagsfærni
- ✓ Virkni og þátttaka

Verkefnið Betri borg fyrir börn:

- ✓ Bæta þjónusta og nýtingu fjármagns
- ✓ Þéttara samstarf
- ✓ Þjónustuna nær skólaumhverfi
- ✓ Snemmtæk íhlutun
- ✓ Styðja betur við starfsfólk
- ✓ Stjórnun stofnana nær vettvangi



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsárið 2020-2021 var sannarlega öðruvísi, fjölbreytt og krefjandi hjá frístundamiðstöðinni Miðbergi. Veturinn einkenndist af breytingum og krefjandi verkefnum þar sem Covid 19 hafði mikil áhrif á allt starf. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar þurftu að endurskipuleggja alla sína starfsemi með tilliti til sóttvarna. Í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þurfti að skipta börnum og starfsmönnum í sóttvarnarhólf, takmarka starfsemi og eitthvað var um það að viðburði þurfti að fella niður. Í félagsmiðstöðvum þurfti að loka tímabundið og starfsmenn opnuðu fyrir rafrænar félagsmiðstöðvar.

Frístundamiðstöðin Miðberg er þátttakandi í verkefninu Betri borg fyrir börn þar sem að lögð er áhersla á þetta samvinna skóla og frístundardeildar Breiðholts og þjónustumiðstöðvar Breiðholts með börn og fjölskyldur þeirra í forgrunni. Margt hefur áunnist í verkefninu og samvinna og nýsköpun hefur skapað nýja samstarfsfleti og ný verkefni. Haustið 2021 var kynnt millimat á verkefninu Betri borg fyrir börn og niðurstöðurnar voru margar hverjar jákvæðar en einnig komu fram vísbendingar um að annað mæti betur fara. Unnin verður umbótaáætlun út frá millimatinu.

Samkomutakmarkanir lituðu starf frístundaheimila meira og minna allan veturinn. Aflýsa þurfti mörgum sameiginlegum viðburðum svo sem leiklistarhátíðum, kvikmyndahátíð og einnig þurfti að aflýsa öllum foreldraviðburðum. Þetta hafði líka þau áhrif að flestir starfsstaðir voru í hólfskiptingu meira og minna allan veturinn og má segja að eitt frístundaheimili hafi verið að detta í neyðarástand undir það síðasta. Veturinn krafðist útsjónarsemi og frumkvæði hjá bæði starfsfólki og börnum. Það voru ekki bara viðburðir sem breyttust heldur varð síðdegishressingin einhæfari og við fundum vel fyrir því að geta ekki boðið upp á sömu gæði og fjölbreytni og áður.

Starfið varð einnig einhæfara að mörgu leyti þar sem viðburðir og sameiginleg verkefni féllu að stórum hluta niður og áherslan á frjálsan leik og útiveru varð fyrirferðameiri. Þegar ljóst var að hvorki yrði hægt að vera með leiklistarhátíð né foreldrakaffi gerðu frístundaheimilin skemmtilegt myndband saman með jólasöng og jólakveðju til foreldra og barna. Myndbandið var sýnt á frístundaheimilunum í skemmtilegri jólagleði (í hólfum) og tengill að myndbandinu sendur á foreldra. Við færðum Breiðholt got Talent fram á vor en það dugði ekki til og voru atriðin sýnd fyrir tómu húsi þar sem þau voru tekin upp og síðan sett inn niðurstaða dómnefndar. Frístundaheimilin voru hvert fyrir sig með hátíð í sal þar sem þau sýndu myndbandið og síðan verðlaunahafana og myndaðist mikil og



skemmtileg stemmning á öllum stöðum. Þrjú ný verkefni litu dagsins ljós sem heppnuðust með ágætum. *Hreyfing og hlustun*, þar sem starfsmaður fór með hóp barna í gönguferð og hlustað var á sögu, *Allt er vænt*; verkefni þar sem gróðursett voru grænmeti og blóm. Síðast en ekki síst þá var vorum við með tónlistarverkefni í gangi fyrir 3. og 4. bekk þar sem tónlistarkona vann með hóp af börnum að tónlistarsmíð sem síðan var skrifuð á geisladisk og börnin fengu með sér heim.

Sumarið 2021 gekk nokkuð vel fyrir sig þrátt fyrir frekar grátt og dapurt veður. Skráningar voru almennt góðar og mynduðust biðlistar sem leysa þurfti með ráðningu starfsmanna í gegnum átaksverkefni. Þrátt fyrir það þá náðist ekki að taka inn af öllum biðlistum. Lögð var áhersla á aukna viðveru í nærumhverfinu vegna takmarkana sem voru í gangi þegar unnið var að undirbúningi fyrir sumarið. Nýtt verkefni var sett í gang sem kallaðist *Litaskógur*; í lundi í nágrenni Ölduselsskóla var boðið upp á útiöldun, föndur og skemmtilega leiki. Verkefnið gekk vel og þróaðist yfir sumarið og verður spennandi að þróa það áfram næstkomandi sumar.

Í júní 2021 hóf ráðgjafarþroskaþjálfari störf við Miðberg. Staðan kom inn með Betri borg fyrir börn verkefninu. Hlutverk ráðgjafarþroskaþjálfans hefur verið að fara milli starfstöðvanna og veita faglega ráðgjöf vegna barna og unglunga með úthlutaðan stuðning sem eru með fjölpættar fatlanir, félagsleg vandamál og krefjandi hegðunarfrávik. Einnig hefur ráðgjafarþroskaþjálfinn verið með ýmiss konar fræðslu bæði almenna fyrir stóra hópa og sértæka fyrir hópa einstaka frístundaheimila eða félagsmiðstöðva.

Þátttaka í öllu félagsmiðstöðvastarfinu hefur verið mjög góð. Dagskrá félagsmiðstöðvanna var alfarið í höndum unglunganna en opnir stórfundir eru haldnir reglulega þar sem öllum gefst kostur á að koma með hugmyndir að dagskrá og taka að sér hlutverk innan félagsmiðstöðvarinnar. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar sitja svo fundi nemendaráðanna í skólunum. Allar félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í öllum viðburðum á vegum Samfés og stóð okkar fólk sig með mikilli þrýði, en því miður féllu margir viðburðir niður vegna covid 19.

Í ár höfum við verið með auka opnun á fimmtudögum fyrir 10. bekkina í Hólmaseli og Hundrad&ellefu. Náttfatanótt, sem venjulega er um haustið, var haldin í maí vegna covid. Það gekk nokkuð vel á öllum stöðum. Söngkeppni var áhorfendalaus og streymt á netinu. Aðra viðburði var ekki hægt að halda vegna covid



takmarkana en töluvert var um rafræna viðburði. Því miður náði aðeins Hólmasel að fara 8. bekkjarferð sem hefur gefið starfinu mikið gildi áður en allt lokaði vegna covid. Þessar ferðir eru flott hópefli fyrir árganginn og starfsfólkið.

Takmarkanir og lokanir settu mikið strík í reikninginn í tíu12 starfinu í vetur. Þegar náðist að hafa eðlilegar opnanir gekk vel. Þau vissu ekki fyrir hvern var opið og mættu oft á röngum tíma, póstur á foreldra var ekki að duga til að koma upplýsingum til þeirra og við erum ekki með þennan aldurshóp á samfélagsmiðlum.

Sumarstarf

Við vorum með fjóra sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Um miðjan júlí var farið í útilegu með um 110 unglinga sem mikil ánægja var með. Mikil aukning var í skráningum hjá okkur í starfi fyrir 10 – 12 ára í sumar og vorum við með starf til 21. júlí og fullbókað var flesta daga. Þá var góð samvinna við Flotann í allt sumar og starfsmaður frá okkur vann í teyminu.

Kennsla

Forstöðumenn, aðstoðarforstöðumenn og frístundaráðgjafar sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfsefningu í unglingadeildum í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla. Svo eru þau með kynfræðslu fyrir 8.-10. bekk í Seljaskóla og Ölduselsskóla. Einnig var í fyrsta sinn farið með kynfræðslu í 7. bekk í Seljaskóla sem gekk mjög vel. Hópastarfið hjá okkur gekk vel, sérstaklega þegar það var í formi kennslu á skólatíma en einnig vorum við með fleiri skammtímahópa eftir að skóladegi lauk. Dungeon and dragons er enn mjög vinsæll hjá okkur og nú erum við að byggja upp flott Rafíþróttaver sem mikil áhugi er á. Mjög góð samvinna hefur verið við alla skólastjórnendur, félagsstarfskennara og námsráðgjafa í Breiðholti. Við sjáum um valáfanga fyrir Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla.



Hvatningaverðlaun

Bakkinn fékk hvatningaverðlaun fyrir samstarfsverkefnið Það þarf þorp sem þau unnu með Bakkaseli, Breiðholtsskóla og leiksskólum neðra Breiðholts. Hólmasel fékk hvatningarverðlaun fyrir kynfræðslu í Seljahverfi. Hundraðogellefu fékk hvatningarverðlaun fyrir að vera fyrirmyndar starfsstaður. Allar félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti fengu hvatningarverðlaun Samfés fyrir félagsmiðstöðvastarf án aðgreingar en Hellirinn var leiðandi í því starfi.

Ungmennaráð

Ungmennaráðið samanstendur af 10 virkum þátttakendum. Vegna takmarkana út af Covid-19 fór nánast allt starf ungmennaráðsins fram í gegnum fjarfundi á netinu. Meðal verkefna sem ungmennaráðið tók þátt í á árinu var að senda tillögur inn í Hverfið mitt verkefnið og gerðum tilraun með sýnileika á samfélagsmiðlum. Erfitt var að taka þátt í stærri viðburðum á árinu vegna takmarkana. Við eigum tvo fulltrúa í Reykjavíkurráðinu og okkar tillaga til borgarstjórnar í ár var að ungmenni í grunnskólum borgarinnar myndu fá aukna fræðslu um þungunarrof.

Hellirinn

Í Hellinum, sértækri félagsmiðstöð, var áframhaldandi fjölgun þátttakenda milli ára en vel hefur gengið að manna starfsemina þannig að hægt var að taka alla inn sem óskuðu eftir dvöl þar. Starf Hellisins hélst tiltölulega óröskuð yfir skólaárið þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna Covid-19 en sértækar félagsmiðstöðvar fengu undanþágu frá samkomutakmörkunum á grundvelli þess að auka ekki á félagslega einangrun þeirra einstaklinga sem sækja starfið. Þátttaka Hellisins í opnu starfi félagsmiðstöðva gekk mjög vel þrátt fyrir að á tímum þurfti að gera hlé á þátttökunni vegna Covid-19 en markviss þátttaka þeirra frá 10 ára aldri í opnu félagsmiðstöðvarstarfi er sannarlega að skila sér og til marks um það fengu félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti hvatningarverðlaun Samfés 2021 fyrir félagsmiðstöðvastarf án aðgreiningar. Við erum í góðu samstarfi við ÍR og fengum við afnot af íþróttahúsi þeirra sem vakti mikla ánægju hjá öllum. Þá var einnig aukning á skráningu á sumarnámskeið Hellisins og flestir unglingar sem taka þátt í starfinu kusu að hafa Hellinn sem sína starfsstöð í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf foreldra unglunga til Félagsmiðstöðva á aðstöðu, upplýsingaflæði, samskiptum við starfsfólk, dagskrá o.fl.	Foreldrakönnun 2019-2020 (annað hvert ár) Netkönnun	Foreldrar unglunga í 8. - 10. bekk	Bæta aðstöðuna og betra upplýsingaflæði, ánægja með starfsfólk, ánægja með dagskrá
Líðan, svefn, félagsleg einangrun, nikótínþúðanotkun, orkudrykkjaneysla, þátttaka í félagsmiðstöðvum o.fl.	Ungt fólk 2021 - Rannsókn og greining Spurningarlisti til unglunga í 8-10 bekk.	Unglingar 8. – 10. bekkur	Áskoranir: Líðan, svefn og félagsleg einangrun unglunga. Nikótínþúðar og orkudrykkir Styrkleikar: Ánægja með mætingu.
Upplýsingaflæði, dagskrá, hvort þátttaka hafi góð félagsleg áhrif á börnin o.fl.	Foreldrakönnun 2020-2021 (annað hvert ár) Netkönnun	Foreldrakönnun 5. - 7. bekk	Betra upplýsingaflæði, betri dagskrá, jákvæð félagsleg áhrif frá fyrri könnun
Ánægja, aldursskipting, félagsleg áhrif, síðdegishressing o.fl.	Foreldrakönnun Hellirinn Netkönnun	Foreldrar skráðra barna í Hellinum	Ánægja með aldursskiptingu Ánægja með félagsmiðstöðina Ánægja með félagsleg áhrif - Óskað eftir betri og fjölbreyttari síðdegishressingu
Starfsánægja o.fl.	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar Netkönnun 2021	Starfsmenn Miðbergs	Meðaltal allra þátta hækkar milli ára Starfsánægja hækkar

			Tilgangur hækkar Viðurkenning hækkar Jafnrétti hækkar Jafnræði hækkar Stjórnun hækkar - Upplýsingaflæði þarf að bæta Frumkvæði þarf að bæta Móttaka nýliða þarf að bæta Áreiti frá þjónustugegum
--	--	--	---

1. Frístundamiðstöðin Miðberg

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Græna planið	Grænar samgöngur	Starfsfólk noti rafhlaupahjól í stað bíla	Framkvæmdarstjóri	Ágúst	Júlí	Notkun rafhlaupahjóla eykst	Fjöldi kílómetra og leigubílakostnaður hafi lækkað milli ára
		bílar Miðbergs verði ekki á nagladekkjum				Úttekt á dekkjum bifreiða Miðbergs	Enginn bíll á nagladekkjum
		Að allir starfsstaðir Miðbergs verði á að minnsta kosti 2. stigi Grænna skrefa. Starfsstaðir fylgja innleiðingu frá Grænum skrefum				Kortlagning á grænum skrefum Miðbergs	Vottun frá grænum skrefum á alla starfsstaði
Lýðheilsa	Lýðheilsustefna Breiðholts	Miðberg verði virkur þátttakandi í gerð aðgerðaráætlunar Breiðholts fyrir Lýðheilsustefnu hverfisins	Framkvæmdarskjóti	Ágúst	Júlí	Skoða aðgerðaráætlun þegar hún er tilbúin út frá þátttöku Miðbergs	Útgefin lýðheilsustefna þar sem þátttaka Miðberg er augljós.
Lýðheilsustefna	Starfsstaðir Miðbergs taki virkan þátt í innleiðingu lýðheilsustefnu borgarinnar?	Allir starfsstaðir með aðgerðaráætlun vegna Lýðheilsustefnu	Framkvæmdarskjóti	Ágúst	Júlí	Útgefin aðgerðaráætlun	Virk aðgerðaráætlun á öllum starfsstöðum

Menntastefna	Stefnumiðuð stjórnun	Starfsáætlun Miðbergs	Framkvæmdars tjóri	Ágúst	Júlí	Útgefin starfsáætlun	80% verkefna í starfsáætlun lokið/á áætlun.
Lýðræðisstefna	Lýðræðisstefna	Lýðræðisstefna verði virk á öllum starfsstöðum	Framkvæmdars tjóri	Ágúst	Júlí	Áhrif lýðræðisstefnu gæti á starfsstöðum	Aðgerðaráætlun starfsstaða taki mið af stefnunni
	Barnalýðræði	Barnasáttmálinn í öllum frístundaheimilum	Deildars tjóri barna	Ágúst	Júlí	Innleiðingu lokið	Allir starfsstaðir lokið innleiðingu
	Barnaráð	Barnaráð í öllum frístundaheimilum	Deildars tjóri barna	Ágúst	Júlí	Að virkt barnaráð sé í öllum frístundaheimilum	Allir starfsstaðir með virk barnaráð
	Nemendafélög	Virk ungmennaráð, unglingaráð og nemendaráð í öllu hverfinu	Deildars tjóri unglinga	Ágúst	Júlí	Allir starfsstaðir séu með virk félög/ráð unglinga	Fundagerðir félaga og ráða
	Réttindafrístund	Réttindafrístund í öllum frístundaheimilum	Deildars tjóri barna	Ágúst	Júlí	Að réttindafrístund sé innleidd í öllum frístundaheimilum	Innleiðingu lokið í öllum frístundaheimilum
	Hverfið mitt	Skuggakosningar barna	Deildars tjóri barna	Ágúst	Nóv	Virk þátttaka barna í skuggakosningum	Börn í öllum frístundaheimilum hverfisins taki þátt (50% þátttaka í öllum frístundaheimilum)
Farsældarlögin	Aukið samráð og samstarf	Innleiðing á verkferlum vegna farsældarlaga	Framkvæmdars tjóri	Ágúst	Júlí	Verkferlar tilbúnir	Samráð og samstarf aukist og verklag fest í sessi
Frístundastefna	Jöfnuður	Virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og	Deildars tjórar og	Ágúst	Júlí	Börnum sem þurfa sérstakan stuðning í starfi fjölgi. Börnum af	Börnum fjölgi upp að minnsta kosti um 10%

		stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra.	frístund atengill			erlendum uppruna fjölgi	
Velferðastefna	Mæta fólki af erlendum uppruna	Börn og foreldrar fá upplýsingar um íþrótt og tómstundastarf í hverfinu.	Framkvæmdarskjóti	Ágúst	Júlí	Fjöldi Barna af erlendum uppruna aukist í íþrótt og tómstundastarfi	Aukin nýting á frístundakorti barna í Breiholti
	Auka áherslu á valdeflingu	Börn og unglingar fá sterka rödd varðandi sína þátttöku.	Framkvæmdarskjóti	Ágúst	júlí	Börn séu þátttakendur í ákvörðunum um eigin mál	þarf að skoða
	Efla forvarnir	Lýðheilsustefna Breiðholts	Framkvæmdarskjóti	Ágúst	júlí	Aðgerðaráætlun	Lýðheilsustefna Breiðholts verði gefin út

2. Frístundastarf - Barnastarf

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast							
Sköpun	Virkjum börnin í að hugsa út fyrir kassann og um leið æfa og styrkja ímyndunaraflíð	Listasmiðja á hjólum	Deildarstjóri & verkefnastjóri	1. sept	31. ágúst	Úttekt á þátttöku barnanna og áhuga á verkefnum	Góð þátttaka í verkefninu og listasýning sem sett verður upp að verkefni loknu
	Börnin semja og segja sögur eftir gönguferðir. Þeirra upplifun og áhugi á náttúru og umhverfi	Hlaðvarp	Deildarstjóri & forstöðumenn	1. jan	7. júní	Fjöldi hlaðvarpa sem eru tilbúin	Minnsta kosti sex hlaðvörp tilbúin
Virk þátttaka	Skapandi verkefni í náttúrunni þar sem unnið er með þátttöku barna í umhverfinu og útinám	Litaskógur	Verkefnastjóri	1.jún	31. ágúst	Afurðin og þátttaka skoðuð	50% barna taki þátt
	Áhrif þátttöku frístundastarfs	Spyrja börnin hvaða áhrif þeim finnst þátttaka í frístundastarfi hafa á þau?	Deildarstjóri	Mars 2022	Mars 2022	Frístundakönnun meðal barna	Kemur síðar
Félagsfærni	Að kynnast börnum á öðru frístundaheimili í gegnum skrif	Pennavinir	Forstöðumenn	Sept 2021	Júní 2022	Þátttaka	Fjöldi bréfa send

Jöfnuður	Markviss kynning og þátttaka í sumarstarfi fyrir börn af erlendum uppruna	Kynningarátak fyrir foreldra og börn	Deildarstjórar	Jan 2022	Maí 2022	Þátttaka markhóps	Skráning barna af erlendum uppruna í sumarstarf
	Kynning á ólíkri menningu og gildum þeirra. Hvernig nýta má menningarläsi til góðs í starfi	Menningarläsi	Deildarstjórar verkefnastjórar og sendiherra	Des 2021	-	Þátttaka starfsmanna í kynningum	Hvort verkefni spretti upp í kjölfar kynningar
Sjálfsfelling	Efla börnin í að gera handrit og fylgja eftir með kvikmyndagerð. Frá upptöku til sýninga	Kvikmyndasmiðja	Forstöðumenn og verkefnastjóri	Sept 2021	Janúar 2022	Virk þátttaka barna	Frumskýningahátíð
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Fræðsla sem byggir á skemmtilegum verkefnum um hinseginleika. Skoðað hvernig vinnustaðurinn getur orðið hinseginn vænni	Regnbogavottun	Allt starfsfólk	Okt 2021	-	Með vottun	Að Miðberg fái Regnbogavottun

3. Frístundastarf - Unglingastarf

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast							
Fjölbreytt og skemmtilegt	Læra undirstöðuatriði kvikmyndagerðar	Kvikmyndasmiðja	Forstöðumenn og verkefnastjóri	Sept 2021	júní 2022	Virk þátttaka barna	Frumskýningahátíð (Breiðholtsvikan)
Sköpun	Læra undirstöðuatriði í veggjalist	Veggjalist	Forstöðumenn	Sept 2021	Júní 2022	Þátttaka	Listasýning
Virk þátttaka	Íþróttahópur án áherslu á keppni	Íþróttaklúbbur	Frístundatengill og forstöðumenn	Okt 2021	Júní 2022	Þátttaka	Virkja þátttakendur í að taka þátt í íþróttum
	Ræktarhópur myndaður utan um drengi í erfiðri stöðu	Jákvætt viðhorf og líkamsrækt	Forstöðumaður og frístundatengill	Okt 2021	Júní 2022	Virk þátttaka drengjanna og jákvæð samskipti	Þátttaka drengjanna í verkefninu og breytt viðhorf
Félagsfærni	Virkja félagslega einangraða	Rafíþróttaver, hlutverkaspil og DOD klúbburinn	Deildarstjóri og forstöðumenn	Ágúst 2021	Ágúst 2022	Virk þátttaka markhópa	Þátttakendur verði virkir í félagsmiðstöð
Sjálfsfelling	Myndaður er hópur utan um einstaklinga sem þurfa mikið aðhald og sjálfsfellingu	Hópastarf	Forstöðumenn	Jan 2022	Jún 2022	Virk þátttaka einstaklinga og mæting þeirra	Könnun þátttakenda fyrir og eftir hópastarf
	Fara með kynfræðslu á skólatíma inn í 7. bekk	Kynfræðsla	Forstöðumenn	Sep. 2021	Júní 2022	Þátttaka barna í fræðslunni	Fræðsla hefur farið inn í alla 7. bekk í Breiðholti



Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Kynna hópnum fyrir undirstöðuatriði útivistar með tilliti til göngu, útiveru, útiöldun og fleira.	Útivistarklúbbur	Forstöðumenn	Jan 2022	Jún 2022	Þátttaka í klúbbum	Fjöldi viðburða klúbbsins og áhugi þátttakenda
---	---	------------------	--------------	----------	----------	--------------------	--

4. Betri borg fyrir börn

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Bætt þjónusta	Heilstæð nálgun á Barnið	Samráð og samstarf við skóla og Álfabakka	Stjórnendur	Ágúst	Lýkur ekki	Rýna í afurðir samráðs og samstarfs	Verkferlar tilbúnir
	Fræðsla og kynningar fyrir foreldra	Upplýsinga og forvarnarfundir	Stjórnendur	Ágúst	Júní	Ígrundun	Aukinn fjöldi þátttakenda
	Auka samstarf við stoðdeild mannauðs, húsnæðis og fjármála	Reglulegir fastir fundir	Stjórnendur	Allt árið		Rýna í afurðir samstarfsins	Verferlar tilbúnir
Þéttara samstarf	Auka samstarf við skóla	Þátttaka viðeigandi aðila á fundum	Stjórnendur	Allt árið		Samráðsfundir verði reglulegir í öllum skólum.	Verkferlar tilbúnir



	Auka samstarf við Álfabakka	Þátttaka viðeigandi aðila á fundum	Stjórnendur	Allt árið		Mat á BBB	Verkferlar tilbúnir
Þjónustan nær skólaumhverfi	Skrifstofur forstöðumanna í skólum	Aðgengi að forstöðumönnum í skólum	Stjórnendur	Allt árið		Að aðstaða forstöðumanna verði í lagi.	Lokið
Snemmtæk íhlutun	Starf ráðgjafa- þroskaþjálfara	Samstarf þroskaþjálfara við viðeigandi aðila	Ráðgjafarþroska-þjálfari	Allt árið		Fjöldi mála sem Ráðgjafarþroskaþjálfari kemur að.	Færri börn sem þurfa stuðning
Stjórnun stofnana nær vettvangi	Skrifstofur forstöðumanna í skólum	Flytja	Deildarstjórar	Allt árið		Að aðstaða forstöðumanna verði í lagi	Lokið
Nýting fjármagns	Auka það fjármagn sem Miðberg hefur til umráða til að láta drauma barna rætast	Sækja um styrki og samstarf innanlands og erlendis	Stjórnendur	Allt árið		Fjöldi styrkja	Tvöföldun styrkja
Betri borg fyrir börn	Auka þátttöku barnanna í hverfinu í tómstundastarfi	Kynna tómstundaúrræði fyrir börnum hverfisins og virkja þau til þátttöku í samstarfi við frístundatengil	Frístundatengi II	Sept 2021	Júní 2022	Skoða þátttöku barna hverfisins í tómstundum	Fjöldi nýrra þátttakanda í tómstundum

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Frístundamiðstöðin Miðberg hefur hlotið fjölda styrkja úr þróunar- og nýsköpunarsjóði Menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir veturinn 2021 -2022.

A hluta verkefni

Hellirinn	Hópastarf	Félagsmiðstöðvar	Frístundaheimili
Vinátupjálfun	Sumarhópar Miðbergs	D&D klúbbar í Rafíþróttaklúbbar	Listasmiðja á hjólum Litaskógur

Tilraunaverkefnið Betri borg fyrir börn og styrkir menntastefnunarinnar hafa stutt við aukið nýsköpunar- og þróunarstarf í Miðbergi. Eftirfarandi verkefni hafa þróast í starfinu og eru búin að festa sig í sessi í starfsemi Miðbergs.

Frístundamiðstöðin Miðberg, skóla- og frístundapjónusta Breiðholts, grunnskólar í Breiðholti, þjónustumiðstöð Breiðholts og keðjan voru með B-hluta verkefnið SENTER á starfsárinu en SENTER er miðlægt viðbragð við áhættuhegðun barna og unglinga í Breiðholti. Úrræðið er samvinnuverkefni lykilstofnana í hverfinu sem bregst hratt við áhættuhegðun og hegðunarvanda. Teymi er myndað utan um hvert mál fyrir sig, með ábyrgðaraðila frá grunnskóla, þjónustumiðstöð og frístundamiðstöð. Einnig er önnur sérfræðipækning kölluð inn í teymið í þeim málum sem við á. SENTER byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun þar sem lagt er upp með persónulegan stuðning við barn eða ungling með virkri þátttöku þess í lausn vandans. Góð reynsla var af SENTER verkefninu og það hefur verið tekin ákvörðun að halda starfsemi SENTER áfram á starfsárinu 2021-2022. Verkefnið hefur aukið stórlega samtal, aðgengi og samstarf starfsmanna Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Miðbergs.

Samfélagsteymi var stofnað þegar verkefnið Betri borg fyrir börn var hrundið af stað í Breiðholti. Samfélagsteymið var skipað til að hafa umsjón með samfélagsverkefnum af ýmsu tagi. Helstu áherslur eru á málefni frístunda, forvarna og félagsauðs. Teymið hittist hálfsmánaðarlega og er skipað framkvæmdarstjóra Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, nokkrum starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og tveimur fulltrúum Miðbergs.

Samstarf frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og þjónustumiðstöðvar Breiðholts byggir á gömlum grunni en samstarfið hefur stóruð eftir að verkefnið Betri borg fyrir börn hófst. Verkefnin eru fjölmörg en verkefni sem hafa orðið til síðan að Betri borg fyrir börn hófst eru meðal annars þessi:



1. Senter verkefnið: Starfsmenn Miðbergs, Skóla og frístundadeildar og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts voru leiðandi aðilar í koma verkefninu af stað og eru lykilaðilar í framkvæmdinni.
2. Samstarf um tilraunaverkefnið „Frístundir í Breiðholti“.
Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Breiðholts eru í samstarfi við stjórnendur Miðbergs um ýmsa þætti tilraunaverkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ s.s. kynningu á íþrótta- og frístundastarfi meðal barna og unglunga og aðstoð starfsmanns Miðbergs í frístundastrætó.
3. Samstarf um frístundatengil í Breiðholti:
Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Miðberg kosta nú saman stöðu frístundatengils í Breiðholti. Hans hlutverk er að aðstoða óvirk börn og unglunga í hverfinu við að koma sér í virkni í íþróttum, listum eða öðru frístundastarfi. Þessi vinna er í anda nýja farsældarfrumvarpsins.
4. Velkomin verkefnið: Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Miðbergs mæta á móttökufundi í grunnskólunum með nýjum nemendum og foreldrum þeirra. Þar kynna starfsmennirnir frístundamöguleika í hverfinu, frístundakortið og hverfið sem slíkt.
5. Sumarnámskeið: Sumarið 2021 stóðu Miðberg og Þjónustumiðstöð Breiðholts sameiginlega að sérstöku sumarnámskeiði fyrir börn af arabískum uppruna.
6. Samnýting húsnæðis: Samvinna um að finna eða útvega húsnæði fyrir hin ýmsu verkefni sem kallað er eftir að verði komi af stað í Breiðholti hefur aukist á milli Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Miðbergs.
7. Átaksverkefni um félagsfærni í Breiðholtsskóla: Miðberg og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts eru aðilar að verkefninu ásamt skólanum.
8. Líkamsræktarhópur: Samkvæmt óskum frá óvirkum unglingum í hverfinu hafa Þjónustumiðstöð Breiðholts og Miðberg staðið saman að því að koma á svokölluðum hóp unglunga sem stundar líkamsrækt undir stjórn fagaðila.
9. Áætlanir um frístundaheimili í íþróttamiðstöð ÍR:
Starfsmenn og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts Miðbergs hafa þegar lagt grófar línur um hugsanlegan rekstur frístundaheimilis í nýrri íþróttamiðstöð ÍR sem opnuð verður næst haust. Fyrirmyndin er frístundaheimilið sem rekið var við miklar vinsældir í kjallara Austurbergs um nokkurra ára skeið. Þessi aðgerð getur haft veruleg áhrif á þátttöku barna í 1.-4. bekk í íþrótta- og frístundastarfi.

10. Áætlanir um íþróttahóp í tengslum við félagsmiðstöðvastarf:

Starfsmenn Miðbergs og ÞB vinna að því að koma af stað íþróttahópi fyrir unglinga í Breiðholti sem legði áherslu á íþróttaiðkun án áherslu á afreksíþróttir.

11. Áætlanir um framkvæmd Lýðheilustefnu í Breiðholti:

Stýrihópur um mótun aðgerða í lýðheilsu í Breiðholti verður skipaður á næstu dögum og þar sem fulltrúar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Miðbergs, fulltrúar frá leiksólstiginu og grunnskólastiginu koma saman.

Samstarf

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð hafa samþykkt að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, Betri borg fyrir börn. Verkefninu er ætlað að stuðla að markvissara samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.

Jafnréttisáætlun

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar. Forstöðumenn á starfstöðunum bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og



kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun veturinn: 2021-2022

Launajafnrétti

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hát
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.

Aðgerð

Öllum starfsmönnum standi til boða að fá þá yfirvinnu sem í boði er.

Ábyrgð

Framkvæmdarstjóri

Tímarammi

Allt árið. Gerð skal úttekt á haustin og vorin

Auglýsingar, ráðningar og endurmenntun

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll starfsmanna séu höfð til hliðsjónar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Alltaf við ráðningar
Allir starfsmenn sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþróun og endurmenntun.	Allir starfsmenn hafi sömu möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Við gerð símenntunar áætlunar, við fastráðningar og tímabundnar ráðningar.

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Miðberg leggur áherslu á samræmi vinnu og einkalífs. Miðberg leggur áherslu á að veita starfsmönnum sveigjanleika í starfi þegar því verður við komið. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að Miðberg veiti starfsfólki sveigjanleika til þess að sinna einka- og fjölskyldu lífi samhliða starfi.	Starfsmenn geti unnið sveigjanlega vinnutíma þegar því er við komið.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar.	Allt árið
Að foreldrar af báðum kynjum taki fæðingarorlof og sinni börnum í veikindum.	Starfsfólki kynnt réttindi sín og hvatt til þess að nýta þau.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið



Einelti og kynferðisleg áreitni

Einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðinn Miðbergi. Þjónustuþegar og starfsfólk eiga að tilkynna um slíka hegðun og tafarlaust skal gripið til aðgerða ef tilkynningar berast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að þjónustuþegar og starfsfólk verði fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir einelti og kynferðislegri áreitni í starfi Miðbergs og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

Þjónustuhlutverk

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Miðbergs óháð kyni. Allt starfsfólk Miðbergs ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi kynjanna að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði jafnt til beggja kynja.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla um jafnréttismál verði inn í fræðsluáætlun Miðbergs.	Framkvæmdstjóri og deildarstjórar	Haust
Nemendur/ þjónustuþegar fá fræðslu um jafnréttismál	Starfstaðir bjóði upp á fræðslu um jafnréttismál. Starfsmenn taki umræðu um jafnréttismál með börnum og unglingum.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Haust/Allt árið
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið



Að viðfangsefni höfði jafnt til beggja kynja	Greining á innihaldi og markmiði opin starfs og klúbbstarfs með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á annað kynið.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Haustin
Að mæður og feður taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.

